

Að kveðja heimahagana eftir Matthías Pétursson (2012)

Fyrir nokkru skrifaði ég nokkrar greinar um foreldra, mína þau Pétur Friðriksson og Sigríði Elínu Jónsdóttir frá Reykjarfirði, og líf þeirra og baráttu í nyrstu byggðum Hornstranda í lok níttjándu aldar og fram yfir miðja þeirrar tuttugustu. Þetta tímabil Íslandssögunnar spanar meiri breytingar enn áttu sér stað allt tímabil Íslandssögunnar frá upphafi. Þrautalaust var það ekki. Hafís, harðindi, grasleysi, drepsóttir og tvær heimsstyrjaldir, endalaus barátta við það að hafa í sig og á. Og vopnin voru orfið, hrífan, báturinn og árin, eigin kraftar, hesturinn og hundurinn. Og svo koma stórkostlegar tækniframfarir, kúgun og sjálfstæði. Sú kynslóð sem gekk í gegnum þetta allt. Hvernig var hún? Eitthvað hlítur að hafa verið í hana spunnið.

Ef ég nú á mínum efri árum ætti að gefa henni eitthvert vottorð, værið það helst það að hún gafst aldrei upp, hún kvartaði aldrei og gekk ærulaus í að leysa hvern vanda hversu hrikalegur, sem hann var og fyrst og síðast gerði hún kröfur til sjálfrar sín, að hrópa á aðra var alltaf síðasta úrræðið. Ekki það fyrsta eins og manni finnst stundum sé raunin í dag.

Árið 1953 eftir 38 ára búskap standa þau frami fyrir því að verða að hætta búskap í Reykjarfirði. Þau eru orðin tvö eftir. Við systkinin erum öll farin farin að heiman, áfram haldandi búskapur er vonlaus. Undanfarin ár hafa reynst þeim mjög erfið. Eftir ævistarfið eru efnin ekki þau að þau geti tryggt framtíðaröryggi og hvar geta þeytt og útslitin hjón fengið vinnu svo þau geti séð sér farborða. Slíkar hugsanir hafa leitað á huga þeirra, skapað áhyggjur og kannski vonleysi og vakið spurningar um til hvers öll þessi erfiða barátta var háð. Það voru erfiðar stundir að láta frá sér skepnurnar, horfa yfir túnið, dalinn, fjölin og vita að allt þetta tilheyrði þeim ekki meir og framundan var eitthvað, sem þau vissu ekki hvað var. En þetta var próf, sem oft á tíðum var lagt fyrir þessa kynslóð. Og þau stóðust prófið. Og nú langar mig til að reyna að skrifa nokkar línur um það hvað beið þeirra á nýjum stað í öðrum landsfjórðungi og allt öðru umhverfi.

Á vordögum 1953 er gengið í að undirbúa flutningana. Pakka inn búslóðinni og ganga frá sölu á því sem ekki var hægt að taka með sér. Haldið var uppboð og eitthvað af fénu var selt Guðfinnu í Naustvík er tekið hafði jörðina á leigu. Annað var flutt á trillunni norður í Finnbogastaði en þangað fluttu þau til bráðabirgða til Jóhannesar sonar síns er þar var skólastjóri við barnaskólann en Friðrik er var þá orðinn kennari í Vestmannaeyjum var stoð og stytta þeirra við flutningana. Um haustið bauð ég þeim svo að koma vestur á Hellissand en þá var ég þar kaupfélagsstjóri.

Ég held að það hafi verið erfið ákvörðun að yfirgefa ævistarfið og áttthagana og flytjast í annan landsfjórðung þar sem þau þekktu ekkert til og varla nokkra hræðu. En aðrir kostir voru ekki í stöðinni. Búslóðin var því flutt norður í Norðurfjörð í veg fyrir Skjaldbreið er þá annaðist strandsiglingar.

Pétur tók með sér trilluna og hestasláttuvél í þeirri von að hægt væri að nota þessi tæku í lífsbaráttunni til lands og sjávar. Þetta voru reyndar einu tækin sem hann hafði eignast til að létta sér störfin og þætti víst ekki mikið nú til dags.

Skjaldbreiðin kom. Búslóðin fór um borð. Þau fóru í útskipunarbátinn og lengur var ekki fast land undir fæti. Stefnan var tekin austur fyrir Krossnes og þaðan norður í stefnu á Hornbjarg. Það er siglt með strandirnar á vinstri hönd. Fyrir Ingólfsfjörð, framhjá Drangavík, þar sem Pétur er fæddur og fluttist þaðan tveggja ára móðurlaus úr sári fátækt að Dröngum, sem varð hans framtíðar heimili. Skjaldabjarnarvík kemur í ljós. Þangað fluttust þau hjón eigna laus með tvö ungbörn eftir sjö ára búskapar basl í Hraundal svo kemur Bolungarvík í ljós þar sem Sigríður er fædd og uppalin og svo Hornbjarg, tröllaukið með sínum þverhniptu hamra þiljum og horfir til hafs reiðubúið til að verja fólk og land fyrir öllum óvættum er vilja granda þessum fátæku íbúum er búa í láum kofum við brimótta strönd undir snarbröttum og næstum ógengum fjöllum. Hornbjarg, þar sáust þau fyrst Sigríður og Pétur. kannski á bjargbrúnin, þar sem Jón faðir Sigríðar fór um syllur og skorninga á sextugu niðri í bjarginu og hafði stundað þá iðju lengur enn nokkur annar svo vitað sé. Um hann var sagt að hann kinni ekki

að hræðast. Kannski var það svo en hafði ekki bara lífið kennt honum að án athygli og yfirvegum kemst enginn af í hengiflugum fuglabjarganna þarna norður undir heimsskauts baug. Hvort þau hafa þá vitað að leiðir þeirra ættu eftir að liggja saman næstu 62 árin veit einginn. Svo kemur Hornvíkin og Hælavíkurbjarg, en þá er líka komið svartu myrkur og ekki lengur hægt að standa og horfa á þetta tröllaukna land, heimahagana, líða hjá.

Hvað þau hafa hugsað veit enginn, en hörð var baráttan, óvægin og miskunnarlaus. en þarna höfðu þau eignast 7 börn, misst eitt í fæðingu, komið hinum upp til nokkurs þroska, svo þau máttu vel við una og hvað er meiri gæfa nokkurs foreldris, það þekkjum við öll.

Að morgni er komið til Ísafjarðar höfuðstaðar Vestfjarða. Þau þekkja sig þar vel. Þangað kom Sigríður ung stúlka og mun hafa unnið eitthvað í Hnífsdal og hlaut viðurnefnið Stranda sól. Meðan þau bjuggu í Hraundal höfðu þau öll sín viðskipti þar. Eftir að þau fluttu í Skjaldabjarnarvík lá leiðinn oft vestur og seldi Pétur þangað bæði hangikjöt og tófuskinn og fékk gott verð fyrir.

Ísafjörður var mikill menningar- og framfara staður. Útgerð verslun og allskonar menning stóð með miklum blóma og byggðirnar á Vestfjörðum litu á Ísafjörð sem nafla alheimsins. Þau þekktu sig þar vel gömlu hjónin. En svo er siglt út Djúpið og stefnan tekin suður. Og nú eru fjöllin og firðirnir ekki lengur kunnuglegir. Látrabjarg og Breiðafjörðurinn eru framundan. Það eru orðin kaflaskil. Á leiðinni fyrir Látrabjarg og yfir Breiðafjörðinn fá þau foráttuveður sem verður til þess að trillan, sem er flutt á dekki stór stór skemmist.

Það var annars táknrænt fyrir þau hjón, í hvert skipt sem þau fluttu tóku náttúruöflin til sinna ráða og fóru að hamast, sem aldrei fyrr. Hvað svo háttsett vald var að skipta sér að búferlaflutning fátækra bændahjóna verður víst aldrei útskýrt. Trillan var tryggð, en umboðsmaður tryggingarfélagins hafði ekki athugað að tryggingin náði aðeins yfir altjón það er að segja hún varð að eyðileggjast algjörlega eða hverfa í hafið. Svo að gamli maðurinn varð að bera þetta tjón að öllu leiti sjálfur, enda þekkti hann ekki annað en að vinna úr sínum

málum hjálparlaust. Tryggingarfélag og ríkið voru þiggjendur, en erfiðis mennirnir sköpuðu auðinn.

Haustið 1953 er Rifshöfn í byggingu og enn ekki hægt að leggjast þar að bryggju. Það verður því að skipa búslóðinni upp í uppskipunarbát, kunnugleg aðferð. Á planið fyrir framan kaupfélagshúsið á Hellissandi er fátæklegri búslóð þeirra staflað í hrúgu. Munir sem höfðu fyllt þeim alla tíð hlaðnar minningum góðum og sárum eins og gengur, ævistarfið í lítilli hrúfu á ókunnri strönd og hvað nú. Nýtt umhverfi, nýtt fólk, annar og framandi hugsunarháttur. Voru þetta launin fyrir ævistarfið, fyrir stritið, baráttuna, fyrir seigluna, fyrir að gefast aldrei upp hversu erfitt lífið var og úræðin oft á tíðum vandfundin og fá.

Hvar var Hellissandur staddur á sögu kortinu 1952?

Við tókum á móti gömlu hjónunum ferða þreyttum. Fyrst lá leiðin upp á loft í kaupfélagshúsinu, þar sem við bjuggum. Fyrst var að fá sér einhverja næringu og svo smá hvíld, og svo að koma búslóðinni í geymslu í pakkhúsinu hjá kaupfélaginu og svo að líta aðeins á þorpið.

Hellissandur var gömul verstöð ein með þeim elstu á landinu. Utar á nesinu voru Gufuskálar líkast til ein elsta verstöð landsins og þar utar Dritvík, sá frægi staður. Á þessar slóðir sóttu landsmenn hundruðum og þúsundum saman í verið og öfluðu sér björg í bú. Þetta svæði var matarbúr stórs hluta landsins öldum samann.

En hvernig var svo þessi staður, sem Skjaldbreiðin hafði flutt þau til framhjá hrikalegum fjöllum, björgum og röstum heimahagana. Tuttugasta öldin hafði varla gengið í garð á Hellissandi. Það var enginn vegur nema um fjöruna undir Ólafsvíkurenni og ekki fært nema sér útbúnum bílum og um fjörun. Vegurinn út fyrir nesið var bara hestagötur og troðningar. Höfnin var í Krossavík rétt vestan við þorpið. Þar var smá bryggju stúfur sem aðeins var hægt að leggjast við þegar há sjáað var og gott veður. Byggðin var að mestu leiti á 10-15 m, háum hraunkanti sem sjórinn lék sér við ár og síð og alla daga. Ræktað land var lítið. Tún blettir kringum býlinn afgirtir með grjótgörðum Vatnsveita var engin. Vatnið

var tekið úr á er rann gegnum þorpið. Rafmagnið var skammtað og kom frá frystihúsinu og var tekið af kl. 10 á kvöldin, nema konur væru að eiga börn, þá var beðið um að hafa það lengur á. Ekki var talið þörf á að láta ljósið loga lengur þótt menn stæðu í öðrum verkum sem vel var hægt að vinna í myrki.

Eitt hafði þó Hellissandur fram yfir margar aðrar álíkar byggðir. Flugvöll, á Gufuskálum rétt vestan við þorpið var nýbúið að byggja flugvöll. Þangað flaug Flugfélag Íslands einu sinni í viku og voru vélarnar að jafnaði yfir fullar af farþegum vörum og farangri. Flugið var ómetanlegt fyrir þetta annars einangraða þorp.

Tíminn hafði stöðvast fyrst og fremst vegna þess að það var engin höfn og þá var ekki hægt að keppa við þá staði sem betri hafnaraðstöðu höfðu og gátu tekið við togurum og sí stækkandi bátafloata. Og þessir harðduglegu sjómenn gátu ekki lengur gert út heiman að frá sér, en eftir sóttir voru þeir um allt land. En heima bjuggu konur þeirra og börn með kú og nokkrar kindur og stopula vinnu við frystihúsið þegar fiskur barst á land af trillum og smábátum, sem athafnað gátu sig í Krossavíkurhöfn. Í Krossavíkinni var lítil bryggjustúfur sem var á þurru um fjörur, þannig að bátarnir stóðu á þuru landi þar til féll að. Þegar Jónas Jónsson ráðherra kom einu sinni í heimsókn og sá höfnina sagði hann. Þarna getið þið ræktað kartöflur. Það átti víst að vera fyndið, en það fanst þeim ekki er þurftu að búa við slík skilyrði. En þetta var harðgert og dugnaðar fólk sem lífið beygði ekki svo auðveldlega, raungott og hjálpsamt. Það var eins og það hefði geymst. Tíminn einhvern veginn farið framhjá, ekki komið við um leið og hann fór á stærri staði vítt og breitt um byggðir landsins.

Fyrstu mánuðina bjuggu þau hjón hjá okkur á efri hæðinni í kaupfélagshúsinu. Tíminn var notaður til þess að skoða sig um, meta aðstæður og spá í möguleika. Hvernig þeim leist á sig á þessum framandi stað fara engar sögur, enda þau ýmsu vön í þeim efnum.

Fyrsta verkið var að svipast um eftir húsnæði. Það vildi þeim til happs að eldri maður, sjálflærðu pípuþingarmaður, ákvað að hætta og flytja suður. Þau

kaupa svo býlið, sem stóð ofarlega í þorpinu. Því fyldi smá túnblettur ásamt fjósi, fjárhúsi og hlöðu. Einnig fyldu með í kaupunum kú og nokkar kindur. Gamli bóndinn er kominn á jörð sem hann á sjálfur. Í fyrsta sinni á ævinn. Þetta allt er hans. Það létti óneitanlega yfir þeim hjónum þegar þau höfðu fast land undir fótum og voru aftur orðin sjálf síns herrar, nokkuð sem þeim var dýrmætast í lífinu.

Túnberg hét húsið, tvö herbergi, eldhús og kjallari. Snoturt og nokkuð, sem þau höfðu ekki áður kynnst. Rafmagn, rafurmagms eldavél, olíukynt miðstöð. Enginn mór, enginn kol, engir olíulampar að fylla á og hreinsa. Þrátt fyrir allt hafði menningin haldið innreið sína. Nýi tíminn var mættur til leiks á Hellissandi. Þau stóðu á mörkum þar sem 1000 ára saga var að kveðja og nútíminn ruddi sér braut með braki og bramli. Tæknin og nýr hugsunarháttur ruddi öllu gömlu af braut og boðaði nýja öld og þau urður að taka þátt í leiknum og tileinka sér nýja hætti og það var undravert hversu vel þeim tókst það.

Þau heyjuðu, slógu túnblettinn og fengu lánaðar slægur inn í Rífi, en sláttuvélin nýtist ekki. Það vor hvergi nægar sléttur og hestar fyrirfundust ekki sem gátu unnið slíkt starf. Smiður þorpsins tók að sér að gera við trilluna. Guðmundur sonur þeirra var farinn að flytja inn bátavélar og gaf hann þeim nýja vél í trilluna og Friðrik setti hana í bátinn. Lítið var hún notuð enda hvorki aðstaða eða þekking til að fara að róa á ný mið. Trillan var svo fljótlega seld til Reykjavíkur og sláttuvélin er enn fyrir vestan. Þannig að segja má að sú tækni er Pétur var búinn að tileinka sé hafi komið að litlum notum. Kannski var búskapurinn fyrir norðan örlítið þróaðri þrátt fyrir allt.

Jóhannes kom og lagaði húsið. Lagaði og styrkti kjallarann, skipti um glugga og lagaði þakið. Og undirritaður gerði það eina sem hann hafði vit á, hjálpaði þeim við heyskapinn. Óhætt er að segja að þau hafi þá verið búin að búa um sig þannig að vel fór um þau. Enda fóru þau fljótt að kunna við sig. Þarna var margt fólk á þeirra reki, með mikla og fjölbreytta lífsreynslu, hafði unnið til sjós og lands. Talaði tæpitungulaust og sagði sínar skoðanir umbúðarlaust, var skemmtilegt og

ræðið og hjálp samt og raun gott.

Á fyrstu vertíðinni byrjuðu þau bæði að vinna í frystihúsinu þegar vel aflaðist, sem var býsna oft þennan vetur. Aldrei nokkurn tímann höfðu þau unnið launavinnu, svo þetta var þeim framandi. Ekki kvörtuðu þau undan vinnunni eða kaupinu. Pétri fannst að oft hefði hann fengið lægra kaup við búskapinn og kannski fór hann að líta verkalýðinn öðrum augum, en ekki hróflaði það við skoðunum hans í pólitík, Framsókn skal það vera. Þessi vinna gerði það að verkum að þau höfðu nóg fyrir sig að leggja og þurftu ekki að hafa fjárhagslegar áhyggjur. Eftir að vinstristjórn tók við á Hellissandi fór Pétur að vinna ýmis störf fyrir sveitarfélagið. Meðal annars var hann skipaður forðagæslumaður, en það kunni hann til hlítar frá ævilöngu búskaparstarfi. En nýr oddviti varð þá Skúli Alexandersson frá Kjós, nágrenni hans að norðan. Skúli var lengi oddviti þeirra Sandar og síðar þingmaður Snæfellinga um langa hríð.

Nú tók lífið að færast í fastar skorður. Þau hjón unnu í frystihúsinu þegar vinna féll til og seina hjá Jökli eftir að hann tók til starfa. Þetta var yfirleitt stopul vinna en góð uppbót við þann litla búskap er þau ráku.

Og nú gátu þau í fyrsta sinn leift sér þann munað að fara í frí. Eitt fyrsta sumarið þeirra á Hellissandi fóru þau í heimsókn norður í Árneshrepp. Þau heimsóttu vini og kunningja allar götur norður í Ófeigsfjörð. Þessi ferð varð þeim ógleymanleg. Og kannski það eina er olli þeim vonbrigðum var að þau skynja að byggðin var að láta undan. Síldin er farin og atvinna þverrandi og óvíst að sveitin stæði af sér breytta atvinnuhætti til sjós og lands.

Á árinu 1958 veikist Guðmundur eldist sonur þeirra, sem allatíð hafðir verið þeirra augasteinn. Næstu tvö árin háði hann sína baráttu við erfiðan sjúkdóm. Guðmundur dó vorið 1960 42. ára gamal. Fyrir þau, gömul og þreytt, var þetta mikið áfall, sem erfitt var að komast yfir, kannski það erfiðasta í lífinu og enn mátu þau takast á við eitthvað sem eigin fær skilið.

Um 1961 er ég ákveðinn að flytjast burt af Hellissandi og kom okkur saman

um að þeim væri það fyrir bestu að flytjast til Reykjavíkur þar sem þeir Jóhannes og Friðrik voru búsettir. Það er svo haustið 1962 að þau leggja í sína síðust búferla flutninga. Í þetta sinn á nýttísku máta, með vörubíl fyrir Jökul og enn hreppa þau foráttuveður, sunnan rok og rigningu. Hvers vegna máttarvöldin sýndum þeim hjónum þann heiður að heiðra þau með því að mynna á sig í hvert skipti sem þau fluttu búferlum, er ekki vitað, en voru þau ekki barta að þakka fyrir langa og farsæla samfylgd. Oft hafði gamli bóndinn háð tvísýna baráttu við náttúruöflin og alltaf haft betur þótt við ofurefli væri að etja. Stundum kom hann sár frá þeim leik, en aldrei sigraður.

Þau settust að í Efstasundi 100 í Reykjavík þar sem þau bjuggu til æviloka, en það er svo enn einn kaflinn í þeirra sögu, sem varð býsna löng og býsna ströng rétt eins og saga Þjóðarinnar, sem alltaf neitaði að gefast upp og gildi einu hvort Guð eða menn gáfu þá fyrirskipun.

Ég hef nú rakið að nokkru sögu foreldra minna. Þó er það bara örlítið brot af lífshlaupi þeirra. En gleymum því ekki, að saga þeirra er í stórum dráttum saga Þjóðarinnar. Sú barátta var ekki háð með barlómi eða kröfum á ríki eða nágranna. Þessi kynslóð gerði fyrst og síðast kröfur til sjálfs síns. Það er eitthvað sem menn hefðu gott af að muna í dag. Kannski læra menn að líta í kringum sig og spyrja. Hvað gerðu gegnar kynslóðir þegar að kreppi? Getum við ef til vill eitthvað lært af þeim. Setjumst niður og hugsum.

Garðabæ í desember 2012.

